

28 lögum yðar, er áður er á minnst og að sjá um, að náminn verði viðunanlega byrgður.
16. febr. Um vinnufólk það, sem þjer þurfið til graptartilraunarinnar, um greiðslu daglauna handa því o. s. frv. skuluð þjer snúa yður til Tryggva alþingismanns Gunnarssonar, sem jeg hefi beðið að veita yður þá aðstoð, er þjer þurfið í þessu efni.

Þá er þjer hafið lokið öllum ferðum yðar um Múlasýslur býst jeg við að þjer sendið mjer skýrslur um þær og skrá yfir kostnaðinn við þær.

Loks vil jeg bæta því við, að eptir undirlagi yðar hefi jeg gjört ráðstöfun til þess, að þær 500 kr., sem jeg áður gat um að yður væru veittar til verkfæraakaupa, verði greiddar forstjóra veðurfæðastofnunarinnar í Kaupmannahöfn, kaptain N. Hoffmeyer.

29 — Brjef landshöfðingja til biskups um styrk til uppgjafapresta. — Í brjefi dags. í 16. febr. gær hafið þjer, herra biskup, borið þá spurning undir mig, hvort ákvæðin í fjárl. fyrir 1882 og 1883, 13. gr., A. b. 5. «til presta-ekkna og barna» útiloki fátæka uppgjafapresta frá að fá styrk af fjárveiting þessari, þar sem þeir hafi þó áður jöfnum höndum með prestaekkjum notið styrks af tilsvarandi liðum fyrri ára fjárlaga.

Út af þessu vil jeg nú þjónustusamlega tjá yður, að það er hvorttveggja, að með sjálfum orðunum í fjárl. 13. gr. A. b. 5. er hinn umgetni styrkur berlega veittur að eins ekkjum presta og börnum, enda er það og ljóst af ástæðunum fyrir 12. gr. A. b. 5. í fjárlagafrumvarpi því, er fyrir þingið var lagt, bæði að þær 2500 kr., er hjer um ræðir, eru eingöngu ætlaðar ekkjum presta og börnum, og eins hitt, fyrir hverja sök að styrkur til fátækra uppgjafapresta var ekki tekinn með undir þennan staflíð, svo sem vandi hefir til verið á eldri fjárlögum. Í þessu efni vil jeg vísa til alþingistíðindanna 1881, I, 30. bls., og bæti jeg því við, að umræðurnar um staflíð þennan á alþingi bera með sjer, að þingið hefir fallið á bæði sjálfa veitinguna og eins ástæður þær, sem hún var á byggð; og fyrir því er það skylda umboðsvaldsins að sjá um, að fullnægt verði skilyrðum þeim, sem fjárveitingin er bundin, og það þótt eigi sje þau skilyrði beinlínis tekin fram í sjálfum fjárlögum. Sbr. Alþingistíð. 1881, I, 24. bls. og víðar.

30 — Brjef landshöfðingja til biskups um styrk til prestaekkna. — Samkvæmt tillög-
20. febr. um yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi frá 18. þ. m. fellst jeg á, að 2500 kr. þeim, sem veittar eru til prestaekkna og barna fyrir yfirstandandi ár með 13. gr. A. b. 5. fjárlaganna fyrir 1882 og 1883 verði skipt meðal neðan nefndra prestaekkna þannig að

1. Kristín Gunnarsdóttir á Hofi í Vopnafirði . . . fái 80 kr.
2. Guðlaug Guttormsdóttir á Arnheiðarstöðum . . . — 30 —
3. Helga Guðmundsdóttir á Streitir . . . — 40 —
4. Þorbjörg Jónsdóttir á Eskafirði . . . — 60 —
5. Björg Magnúsdóttir á Seyðisfirði . . . — 40 —
6. Oddný Fr. Pálsdóttir á Bruna . . . — 60 —
7. Jóhanna A. Lúdvíksdóttir í Reykjavík . . . — 50 —
8. Guðrún Pjetursdóttir á Felli . . . — 40 —
9. Guðrún Ingvarsdóttir á Gularós . . . — 50 —

flýtt 450 —